Fundur Fagráðs um heilaskaða 15.09.2010

Mættir: Ólöf, Sigurður, Smári, Maggý, Olga, Sighvatur, Guðrún og Þórunn (ritari).
Afboðað sig höfðu: Anna Soffía, Jónas
Á dagskrá var að klára kosningu til stjórnar sem náðist ekki að klára á síðasta aðalfundi þar sem það engin framboð komu fram.
Miklar umræður hófust um framtíð og hlutverk Fagráðsins. Mæting hefur verið léleg og nýliðun lítil. Eftir að hlutverk fagráðsins var takmarkað við fræðslu og stuðning við Hugarfar hefur kraftur og áhugi innan ráðsins dalað. Hins vegar eru meðlimir heldur ekki tilbúnir að taka á sig mikla auka vinnu enda allir mjög önnum kafnir í sínum störfum. Fram kom sú tillaga að formaður, ritari og tengiliður Hugarfars mynduðu 3 manna stjórn sem myndi ræða þau erindi sem bærust frá Hugarfari og skipulag annarra mögulegra verkefna (t.d. fræðslu). Á aðalfundi yrði, auk hefðbundinna aðalfundastarfa haldið erindi um heilaskaða. Þá væri hægt að bjóða á aðalfundinn fleiri fagaðilum sem koma að faglegu starfi með einstaklingum með heilaskaða og reyna þannig að stækka fagráðið. Leist fundarmönnum vel á þessa hugmynd en ekki bárust þó nein framboð í embætti formanns og ritara.

Fram kom að Hugarfar er ekki að nýta sér tengilið sinn við Fagráðið eins og skyldi. Stjórn félagsins snýr sér beint til einstakra meðlima án þess að bera mál upp við tengilinn sinn. Ítreka þarf við stjórnina að snúa sér fyrst að tengilið sem síðan ber mál undir fagráðið sjálft. Einnig er stjórnin nokkuð virk og fundar mánaðarlega og boðar tengilið á alla þá fundi, auk fræðslufunda sem haldin eru eitt kvöld í mánuði. Það er þó einróma álit fundarmanna að þó tengslin við Hugarfar sé einn mikilvægasti þáttur Fagráðsins sé óeðlilegt að tengiliður mæti svo oft á fundi. Setja þarf mörk um 2-4 fundi á ári og að málum sé beint vísað til tengils sem síðan getur lagt þau fyrir fagráðið (á fundi eða í tölvupósti). Sighvatur er tengiliður við Hugarfar frá og með síðasta aðalfundi.

Nokkur umræða varð um breytingar á fræðslu Fagráðsins. Talið var vænlegra að einbeita sér að einu til tveimur námskeiðum þar sem þrjú námskeið væri of ruglingslegt. Ekki var ánægja með framkvæmd 3. fræðslunámskeiðsins eins og Framvegis stóð að því. Námskeiðið var einungis kynnt sem námskeið fyrir sjúkraliða, námskeið var of langt (til kl.18:00) og fyrirlestrasalurinn var of lítill fyrir þann fjölda sem var skráður. Hugmyndir komu upp um að bjóða sveitarfélögum fræðslunámskeið fyrir þeirra starfsmenn sem haldin yrði á þeirra vegum. Þannig yrði skráning, húsnæði og veitingar á þeirra vegum en fagráðið byðist til að koma og halda fyrirlestur/fyrirlestra. Þykir nú vera lag að bjóða slíka fræðslu í tengslum við flutning málefna fatlaðra yfir til sveitarfélaga. Klara, Sighvatur og Maggý munu vinna að bréfi til að senda sveitarfélögum eftir áramót þar sem Fagráðið býður þeim að koma með slíka fræðslu. Ennfremur var rætt um nýtt velferðarráðuneyti og ráðherra. Klara, Sighvatur og Maggý hafa áhuga á að panta tíma hjá ráðherra og afhenda honum þær skýrslur og tillögur sem búið var að útbúa fyrir nokkrum árum af hálfu fagráðs og heilaskaðateymis Reykjalundar annars vegar og Grensáss hins vegar.

Í lok fundar var litið yfir erindi frá Hugarfari þar sem beðið var um tíðnitölur um heilaskaða til að setja inn í umsókn um aðild að Evrópusambandi félaga um heilaskaða.

Þar sem ekki bárust nein framboð um embætti formanns eða ritara var ákveðið að leggja félagið í dvala fram að næsta aðalfundi. Allir meðlimir Fagráðsins, sér í lagi tengiliður Hugarfars getur haft samband við meðlimi Fagráðsins með tölvupósti ef erindi berast. Dagsetning fyrir næsta aðalfund var ákveðinn 11.maí 2011 kl.14:30.